

Aðalfundur Prentsöguseturs 08. mars 2025

Fundarstaður: Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. **Fundartími:** 16:15. **Mættir:** 16

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning fjögurra annarra stjórnarmanna og tveggja til vara
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kynning á sýningu Prentsöguseturs í Skálholti
10. Önnur mál

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Jón Trausti setur fundinn kl. 16.15.. Hann leggur til að Díana taki að sér fundarstjórn og Lilja taki að sér fundarritun, það var samþykkt.

Díana byrjar á því að kanna lögmæti fundarins, fundurinn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu félagsins 16. mars og ítrekun send á alla á netfangalista félagsins 25. mars.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Jón Trausti tekur til máls. Á aðalfundi 2024 var ákveðið að breyta hönnun sýningarinnar. Gerð var kostnaðaráætlun í framhaldinu og í henni var gert ráð fyrir að greiða hönnuðum fyrir allsherjar hönnun á sýningunni.

Það stóð í stjórninni hvernig við gætum komið frá okkur hugmyndum til skila til hönnuða sem ekki þekkja til fagsins og sögunnar. Katrín Jónsdóttir kom með tillögu um að hún myndi taka að sér hönnun sýningarinnar og til liðs við hana Málfríður. Málfríður þekkir ágætlega til, hún hjálpaði þegar litla prentsmiðjan var sett upp ofl. og Katrín er flottur hönnuður sem hefur verið viðloðandi prentsögusetur öll okkar ár.

Að mati stjórnar var það hárrétt ákvörðun að fá þær í verkefnið, enda hafa þær staðið sig vel og hönnun sýningar vel á veg komin.

Í janúar 2025 kynntum við í Skálholti hvernig við sjáum fyrir okkur sýninguna. Kristján og Herdís tóku vel í okkar hugmyndir. Í þeirri heimsókn vildum við einnig sjá hvernig staðan væri orðin, bókasafnið var þá tilbúið en á okkar svæði var töluverð vinna eftir.

Í síðustu viku fengum við þær upplýsingar að rýmið okkar er klárt, búið er að ganga frá lögnum í lofti, setja í glugga og hurðir sem vantaði ofl.

Fjármögnun: Sem stendur eru 4 styrkumsóknir úti og bíðum við svara þar, en fleiri umsóknir eru í farvatninu. Stjórnin tók þá ákvörðun að reyna að vinna mestu vinnuna sjálf sem gefur okkur tækifæri til þess að komast lengra með það fjármagn sem við höfum. Stefnan er sett á að setja upp sýninguna í október 2025 en ef ekki fást styrkir tímanlega er stefnan sett á sumarið 2026.

Gámarnir með dótinu okkar: Kostnaður hefur aukist töluvert vegna breytinga og sáum við að ekki væri hægt að una við það. Fengnir voru góðir menn til að skoða hvaða möguleika við höfum. Þorsteinn fann svæði fyrir okkur á Selfossi - Þar er gott aðgengi og kostnaðurinn bara lítið brot. Búið er að flytja gámana.

Í framhaldi af því var farið á fund með þjóðminjasafni, en ljóst var að við gætum ekki fengið að geyma neitt þar eða á þeirra vegum. Mikil vinna er fyrir höndum að skrá muni okkar eftir kúnstarinnar reglum.

Harpa og Ágúst sögðu að þetta væri flókin vinna og ekki dugir að vera með áhugasaman hóp til þess að setja upp safn. Það þyrfti að vinna þetta eftir þeim lögum og reglum sem gilda um söfn. Stjórn prentsöguseturs hefur ekki tekið formlega ákvörðun varðandi framtíðina, vegna þess að öll vinna okkar nú einblínir á komandi sýningu okkar í Skálholti. *Sjá nánar í skýrslu stjórnar.*

Jón Trausti lýkur máli og Díana býður upp á spurningar.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Tryggvi tekur við. Ársreikningur 2024 liggur á borðum fyrir fundargesti. Löggiltur endurskoðandi hefur yfirfarið og kvittað upp á ásamt skoðunarmönnum félagsins.

Félagsgjöld voru greidd af 278 sem voru aðeins færri en árið áður. Styrkir voru ekki margir. Húsnæðiskostnaður felur í sér gámaleigu og geymslu á gámum. Annar rekstrarkostnaður er heimasíða, endurskoðun og veitingar á fundum.

Tryggvi býður upp á spurningar. Þóra spyr út í liðinn “seldar vörur” en það eru félagsgjöldin okkar. Haukur spyr út í viðskipti í erlendum gjaldmiðlum - Liðurinn hefur haldist inni frá fyrri árum vegna styrks sem okkur barst fyrir nokkrum árum í erlendri mynt, frá Heidelberg. *Sjá nánar í ársreikning.*

Díana tekur til máls og biður um uppréttar hendur þeirra sem samþykkja ársreikning félagsins. Allir samþykkja.

4-5. Lagabreytingar / Ákvörðun félagsgjalds.

Stjórn leggur til óbreytt félagsgjald, að upphæð 5.000 kr. Samþykkt samhljóða.

6-8. Kosning formanns, stjórnarmanna og skoðunarmanna.

Jón Trausti Harðarson býður sig fram til áframhaldandi formennsku. Aðrir stjórnarmenn bjóða sig einnig fram áfram (Ágúst Guðjónsson, Dána Hrönn Sigurfinnsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Lilja Rut Benediktsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson og Ævar Rafn Kjartansson). Skoðunarmenn reikninga, Ólafur Stolzenvald og Símon Knight bjóða sig fram áfram. Samþykkt samhljóða og klappað fyrir því.

9. Kynning á sýningu Prentsöguseturs í Skálholti

Katrín tekur til máls og kynnir sig. Hún hefur unnið sem hönnuður í 15 ár. Hún lærði hárgreiðslu en lauk sveinsprófi í prentsmíði eftir vinnu hjá Gutenberg. Núna er hún að læra félagssálfræði og þar kemur hún meðal annars inn á að það feli í sér að vita hvað fólk vill og sér í umhverfi þess. Katrín hefur verið með frá upphafi, síðan 2016/2017.

Sýningin felur í sér sögu prentsins frá upphafi, ca. 1500-1800. Markmiðið er að gera skil á þessari mikilvægu sögu fyrir jafnt unga sem aldna og leggjum við áherslu á gott aðgengi. Rauði þráður sýningarinnar er bókagerð, lausalestur og hið prentaða orð. Lögð verður áhersla á einfalda hönnun og við leyfum sýningargripum að njóta sín.

Í fyrsta rýminu er upphaf prentsins, saga og tímalína. Í öðru rými er fræðsla um prentaðferðir, áhöld og gerð bóka. Í þriðja rýminu ætlum við að setja upp litla prentstofu. Heildar rýmið er ekki stórt, rétt um 80 fm. En Kata telur að við getum nýtt þetta vel og komið á framfæri því sem við viljum. Sýningin felur í sér fortíð, nýsköpun, menntun, samfélagslegar breytingar sem fylgdu prentlistinni ofl.. Lögð var áhersla á að tengja sýninguna við Skálholt, sem gegnir mikilvægu hlutverki í sögu prenta á Íslandi. Við hlið sýningarinnar er bókhlaða Skálholt sem geymir mikilvægar bækur frá þeim.

Kata fer yfir teikninguna og hvernig gengið verður í gegnum rýmið - Sjá teikningu.

Á sýningunni verður fróðleikur um iðngreinar innan prentsins og þeim greinum sem tengjast inn í prentiðnaðinn. Kata tekur fram að ekki sé búið að klára textavinnslu fyrir sýninguna, þetta er verk í vinnslu. Það verður aðeins farið inn á okkar sér íslensku stafi, svo sem Þ, sem Íslendingar börðust fyrir. En Kata tekur fram að við séum ekki að leggja áherslu á kirkjunnar fólk og þeirra bækur, þó sagan blandist inn á þau atriði.

Katrín og Málfríður eru þessa dagana að hitta fólk úr okkar iðngreinum til þess að fá fram og aðstoða okkur við að finna gripi sem verða til sýningar. Þær eru ekki einar að vinna að þessu, það er mikilvægt að taka fram að þetta er samvinna margra aðila og fagmanna.

Kata býður upp á spurningar eða athugasemdir - sem eru engar, en vel er tekið í yfirferð sýningarinnar.

Málfríður tekur til máls. Hún mikla trú á að við náum að opna sýninguna í nóvember.

300 ára sögunni fylgir 90-95% guðsorðabækur. Það verður ákveðin breyting þegar tvær prentsmiðjur verða til á landinu á sama tíma. Það er mjög stuttur tími sem var prentað í Skálholti. En árið 2000 fannst letur í uppgrefti í Skálholti, 6 lausastafir.

Verið er að vinna í því að fá lánaða þessa stafi en það er ekki hlaupið að því. Þær hafa þó fengið Kristján í Skálholti með sér í lið og vonumst við til þess að þetta gangi.

Málfríður fer yfir að það voru ýmsar bækur til áður en farið var að prenta en það var þegar lausaletrið kom til sögunnar sem allt breyttist. Hún tekur fram að við ætlum ekki að skrifa alla söguna, en við ætlum að draga fram þessa mikilvægi þætti.

Hún talar um að við ætlum að bjóða upp á ýmis konar fyrirlestra, til að fylla upp í söguna og það sem við getum ekki sýnt eða kynnt á sýningunni. Leturfræðinga, myndlistarfólk o.fl. sem tengist inn í prentiðnaðinn.

Það er merkilegt að við vorum frekar framarlega í prentun, Guðbrandsbiblían á íslensku var 17. biblían á þjóðtungu í heiminum. Málfríður tekur fram að í kringum árið 1940 þegar stríð geisðu þá tóku prentarar sig til og gáfu biblíu til Hóla.

Það var mikið mál að halda þ inni. Byrjað var að prenta á Hólum árið 1530 en árið 1540 prentaði Oddur sitt nýja testamenti í Danmörku. Það er talið fyrsta prentaða ritið á íslensku, því Jón Arason lét prenta á latínu.

Málfríður fer um víðan völl og nær fundarritari ekki að koma öllu niður á blað.

Díana þakkar Katrínu og Málfríði kærlega fyrir góða kynningu á hönnun sýningarinnar.

10. Önnur mál

Svanur spyr hvort það sé ekki rétt hjá honum að ekki hafi enn verið grafið upp prenthúsið í Skálholti. Svörin eru þau að það er rétt, ekki hefur verið grafið þar. Málfríður tekur fram að stafirnir sem fundust hafi verið á öðru svæði, einhvers staðar í kringum biskupshúsið. Umræða skapast um þessi mál.

Svanur spyr hvort við getum ekki reynt að knýja á að farið verði í að grafa upp það sem tengist prentun í framhaldi af opnun sýningarinnar.

Spurt er út í hvað margir starfsmenn munu koma að sýningunni þegar hún hefur opnað. Díana svarar því að starfsmenn Skálholts munu sjá um það. Spurt er hvort þetta verði þá ófaglærðir starfsmenn. Jón Trausti segir að við höfum ekki hugsað þessi mál alveg til enda, en hægt væri að fá þá sem vilja til þess að vera þarna einn og einn dag, til þess að taka á móti hópum eða vera með kynningar.

Stjórnin þarf að taka þetta sérstaklega fyrir - að skoða hvernig þessum málum verður háttað eftir opnun sýningarinnar.

Grímur Kolbeins talar um að hugmynd Málfríðar hafi verið góð, kynningar og fyrirlestrar, td. bókbíndari eina helgina, annar fagmaður aðra helgi o.s.frv.

Svanur tekur til máls og talar um sýninguna sem haldin var í Árbæjarsafni fyrir nokkuð mörgum árum. Þá voru fagmenn fengnir til að vinna í sjálfboðavinnu, aðallega um helgar, en það var enginn skortur á áhugasömu fólki sem vildi taka þátt.

Fundi slitið kl. 17.15